



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Ályktanir 3. Haustþings
Fjórðungssambands Vestfirðinga
haldið á Ísafirði 5.- 6. október 2018

Örlagadagur fyrir Vestfirði og Ísland!

Það er áfall fyrir Vestfirði og Þjóðarbúið í heild að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi þann 5. október 2018, hafnað beiðni fyrirtækjanna Arnalax (Fjarðarlax) og Arctic Fish (Arctic Sea Farm) um frestun réttaráhrifa og fellt úr gildi rekstrarleyfi fyrirtækja í fullum rekstri. Vestfirðingar eru reiðir og sætta sig ekki lengur við við úrræðaleyfi og getuleysi kerfisins.

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst þess að Alþingi og ríkisstjórn grípi tafarlaust inn í þá atburðarrás sem úrskurður nefndarinnar hefur sett af stað og tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll þeirra fiskeldisfyrirtækja sem byggt hafa upp starfsemi sína á Vestfjörðum. Störf og lífsafkoma 300 manns er í bráðri hættu. Fiskeldi á Vestfjörðum er nú þegar orðin burðarás í samfélaginu og mun þessi atburðarás, ef ekkert verður að gert, hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Vestfirði og samfélagið þar til frambúðar.

Samgöngumál

Stefna

Meginmarkmið í samgöngumálum á Vestfjörðum hafa verið nær óbreytt í 20 ár. Heilsárstengingar með vegum, jarðgöngum og þverunum fjarða innan þjónustusvæða, milli þjónustusvæða og við aðra landshluta. Stefnan var síðust endurskoðuð í ágúst 2017 með aðild allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og staðfest af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Ályktun

Þing Fjórðungssambandsins krefst þess að stjórnvöld standi við fyrirheit um að samgöngubætur á Vestfjörðum verði í forgangi í samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma litið. Samfélag Vestfjarða líður fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist í nútímasamfélagi.

Brýnustu úrlausnarefnin í vegagerð á Vestfjörðum 2018-2023 eru:

- Að vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60 verði boðin út án frekari tafa.
- Boðin verði út vegagerð um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg haustið 2019.
- Boðin verði út vegagerð um Veiðileysuháls vorið 2019.
- Staðið verði við útboð um endurlagningu stofnvega Djúpvegjar 61 í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftarfirði haustið 2018.
- Boðin verði út endurlagning og breikkun á innstrandavegi 68 í Strandabyggð, sumarið 2019.
- Unnið verði markvisst að fækkun einbreiðra brúa á stofnvegum á Vestfjörðum.
- Að Álftafjarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur verði sett á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningsamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningsamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að flug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa. Fjórðungsþing hvetur ríkið til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýttast almenningi. Til dæmis samkvæmt svokallaðri skoskri leið. Þess er vænst að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði tvö flug.

Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Fjórðungsþing styður þingsályktunartillögu þingmanna NV kjördæmis um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

Almenningsamgöngur

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 hvetur stjórnvöld til að skoða nýjar lausnir í almenningsamgöngum við endurskoðun samninga við landshlutasamtök sem farið verður í á árinu 2019 til að hægt sé tryggja rekstur slíkrar þjónustu í okkar víðfeðma landi.

Haustþing krefst þess að á árinu 2019 verði framlög til reksturs almenningsamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningsamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýttast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Haustþing minnir á að flug er almenningsamgöngur Vestfirðinga og hvetur stjórnvöld til að leita leiða til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýttast almenningi.

Landbúnaðarmál

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 lýsir miklum áhyggjum af framtíð sauðfjárbúskapar á Vestfjörðum vegna tekjuskerðingar í greininni. Sauðfjárrækt er víða lykilþáttur í atvinnu og samfélagsgerð sveitarfélaga á Vestfjörðum, sveitarfélaga sem hafa átt í vök að verjast með tilliti til byggða- og atvinnuþróunar.

Hér má einnig benda á að vegna fábreytni atvinnulífs og strjálbýlis er erfitt að finna eða sækja í aðra atvinnu til að styðja við rekstur sauðfjárbúa, því er veruleg hættu á að sauðfjárbúum fækki á Vestfjörðum. Slík þróun er í raun ótæk með tilliti til hagsmuna sauðfjárræktar á Íslandi, þar sem Vestfirðir eru hreint svæði af sauðfjársjúkdómum.

Vestfirðir eru einnig sá landshluti þar sem vandi vegna ofbeitar er lítt til staðar og gæti landið í raun þolað meira beitarálag.

Að auki minnir Fjórðungsþing á að víða þarf að sinna betur sauðfjárveikivarnargirðingum.

Orkumál

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 krefst þess að eigi síðar en árið 2030 verði öllum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum tryggð n-1 tenging (tenging úr tveimur áttum). Fjórðungsþingið krefst þess einnig að orkuframleiðsla innan Vestfjarða verði aukin svo að þeir verði sjálfbærir í orkuframleiðslu og geti mætt aukinni eftirspurn fólks og fyrirtækja.

Veiðigjöld

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 lýsir miklum áhyggjum af áhrifum veiðigjalda á litlar og meðalstórar útgerðir sem eiga nú margar í verulegum rekstrarerfiðleikum.

Á síðasta ári greiddu vestfirskar útgerðir yfir 900 m.kr. í veiðigjöld og þrefalduðust þau frá fyrra ári á sama tíma og afkoman dróst saman um 80%. Þetta hefur sérstaklega slæm áhrif á útgerðir sem eingöngu mega stunda krókaveiðar, en rekstrargrundvöllur þeirra er annar en þeirra útgerða sem stunda t.a.m. togveiðar.

Það er óumdeilt að sjávarútvegur er burðarásinn í flestum samfélögum á Vestfjörðum. Áhrif stóraukinna veiðigjalda eru augljós og mun leiða til fækkunar starfa, minni veltu og samdráttar í atvinnulífinu á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfjarða krefst þess að sjávarútvegsráðherra og stjórnvöld beiti sér fyrir því að veiðigjöld á litlar og meðalstórar útgerðir verði lækkuð og leiðrétti jafnframt rekstrargrundvöll útgerða í krókaflamarki þannig að veiðigjöld endurspegli afkomu þeirra.

Efling rannsókna, skipulags og eftirlits í fiskeldi á Vestfjörðum.

Þriðja Haustþing Fjórðungssamband Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018, krefst þess að staðið verði við fyrirheit um að sviðsstóri fiskeldismála hjá Hafrannsóknastofnun ásamt sérfræðingum verði með aðsetur á Ísafirði eins og kveðið var um í tilkynningu frá 6. október 2016 frá þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta er liður í þeirri kröfu að rannsóknir, skipulag og eftirlit atvinnugreinarinnar verði byggt upp á Vestfjörðum.

Fræðslumál

Stefna

FV skal styðja markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um að auka gæði í skólastarfi og koma grunn- og leikskólum á starfsvæðinu í hóp þeirra bestu á landsvísu. Aðgengi að menntun og gæði skólastofnana geta skipt sköpum í búsetuvali. Leggja skal áherslu á sérstöðu landshlutans í málefnum framhaldsskólans, háskóla- og símenntunar, sérstaklega þar sem aðgengi að þjónustu, starfsfólki og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að mögulega þarf að huga að sérlausnum svo sem dreifnámi og fjarnámi.

Ályktun

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 skorar á stjórnvöld að efla þær aðgerðir og verkefni sem hrint hefur verið af stað á undanförunum árum til að efla menntunarkosti og hækka menntunarstig á Vestfjörðum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi fullorðinsfræðslu fyrir Vestfirði og starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í því samhengi. Fræðslumiðstöðin hefur auk reglubundinnar starfsemi lagt áherslu á nýsköpun til að mæta breytingum í atvinnulífi. Öflug fullorðinsfræðsla er lykilþáttur til að hægt sé að nýta til fulls tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að sett verði fram frumvarp til laga um starfsemi lýðháskóla og þeim tryggð fjármagn starfsemi.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að haldið sé úti fjölbreyttu bók- og starfsnámi við Menntaskólann á Ísafirði og að ekki sé þrengt að starfsemi skólans með óhagstæðum rekstarmódelum sem miðuð eru við fjölmennari skóla eða stór upptökusvæði fyrir nema. Mikilvægt er að styðja vel við bakið á þeim sveitafélögum sem óska eftir því að opnuð verði framhaldsdeild í þeirra sveitafélagi. Staðbundið framhaldsnám er hluti af jöfnuði í búsetuskilyrðum landsmanna og öflug starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og starfsemi framhaldsdeilda á Patreksfirði og nú á Hólmavík er þar afar mikilvægur þáttur. Gera þarf iðnnámi hærra undir höfði með því að minnka kröfur um lágmarksfjölda nemenda í hópum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld leggi Vestfirðingum lið í að efla starfsemi Háskóla- og símenntunar Vestfjarða. Háskóla- og símenntun Vestfjarða hefur fest í sessi alþjóðlegt meistaranám á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar og verður ný námsbraut í Sjávarbyggðafraeðum sett af stað haustið 2019. Tryggja þarf fjármagn til beggja námsbrauta til framtíðar.

Umhverfisvottun sveitarfélaga. Fjármögnun og framkvæmd.

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 leggur til að haldið verði áfram með verkefnið Umhverfisvottaðir Vestfirðir og verði það unnið af Vestfjarðastofu fyrir hönd sveitarfélaganna. Vestfjarðastofa muni leggja til breyttar áherslur með það að markmiði að verða að Vestfirðir verði leiðandi landshluti þegar kemur að umhverfismálum. Jafnframt muni sveitarfélögin endurskipa í framkvæmdaráð sem muni vinna með starfsmönnum Vestfjarðastofu að því að móta næstu skref verkefnisins.

Greinargerð;

Breyttar áherslur: Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum getur skapað tækifæri á svæðinu. Miklu skiptir að við sem svæði nýtum þau tækifæri meðal annars til að skapa störf og draga inn á svæðið fleiri opinber störf. Vestfirðir ættu að vera í lykilstöðu meðal annars vegna þess að svæðið hefur þegar vottun til að byggja á því starfi. Meðal markmiða framundan í tengslum við umhverfismál:

- Draga úr útblæstri kolefnis frá Vestfjörðum, ekki síst frá hnignandi landi.
- Efla almenna vitund um tengsl landnotkunar, umhverfisverndar og loftslagsbreytinga
- Draga úr sorp- og úrgangsmýndun, einkum notkun plasts og tengja það umhverfisvottuðum Vestfjörðum
- Auka þátttöku Vestfirðinga í gróður- og votlendisverndun ekki síst sauðfjárnænda
- Styðja fjölbreyttari starfsemi skóla og bæjarfélaga í skógrækt, notkun heimaþingens efniviðar og náttúruupplifun með gróðri
- Auka skjól og fjölbreytni í gróðurfari með náttúrlega flóru í fararbroddi
- Hvetja til notkunar skóga og gróðurlendis í útikennslu í skólum
- Bæta tekjur ungra bænda á svæðinu með því að auðvelda þeim að gerast skógræktarbændur um leið og annar búskapur gæti dregist saman.
- Renna stoðum undir framhald og breikkun á umhverfisvottun Vestfjarða.
- Bæta við nýsköpun sem byggir á heppilegum staðháttum í þessum landshluta.

Réttlát skipting skatttekna og nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga.

3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst aukinnar sanngirni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæta þarf hlutdeild sveitarfélaga í skattstofnum og koma af stað skynsamlegri umræðu um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda þar á meðal veiðigjöldum. Vinna þarf einnig að því að formgera samskipti ráðuneyta, Alþingis og sveitarfélaga við undirbúning og afgreiðslu ríkisfjármálaáætlun og fjárlög -hvers árs.

Aðkoma sveitarfélaga í ráðgjafnefnd Hafrannsóknastofnunar.

3. haustþing Fjórðungssamband Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018, beinir því til sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra, að í væntu frumvarpi um breytingar á lögum tengdum fiskeldi, verði gerð tillaga um breytingu á 4. gr laga nr 112/2015 er varðar fjölgun fulltrúa í ráðgjafaráð Hafrannsóknastofnunar¹. Verði fulltrúum fjölgað um einn og hann tilnefndur að hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Greinargerð;

Fiskeldi hefur nú þegar mikil efnahagsleg og samfélagsleg áhrif í sveitarfélögum jafnt í landsbyggðunum og á höfuðborgarsvæði. Munu þau áhrif fara mjög vaxandi gangi áætlanir eftir og má ætla að útflutningsverðmæti fiskeldisafurða nálgist með tíð og tíma heildarverðmæti afurða af helstu nytjastofna og líklega yfirstíga þá grein. Verði frumvarpið að lögum munu tillögur Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldissvæði hafa jafnmikil áhrif og ráðgjöf um nýtingu nytjastofna. Þar sem fiskeldi er staðbundin nýting sem sett er til langs tíma og hefur afgerandi áhrif á nærsamfélög, þá er því er sú krafa eðlileg að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í ráðgjafaráði Hafrannsóknarstofnunar.

¹ Skv. 4. gr. [laga nr. 112/2015](#) um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna skal forstjóri hafa sér til ráðuneytis níu manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðuneytis um langtímastefnumótun starfseminnar og vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni.